

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/3056  
komudagur 14.7.2008

## HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

### **Athugasemdir um frumvarp til laga um sjúkraskrár, þskj. 1086 – 635. mál.**

Stjórnendur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri fagna nýju frumvarpi til laga um sjúkraskrár enda eru gömlu lög lönngu orðin úrelt miðað við tækniframfarir sem orðið hafa í rafrænni skráningu. Mikilvægt er að gera lög þannig úr garði að eðlileg réttindi sjúklinga séu tryggð og samhljómur sé milli tæknilegra möguleika rafrænna sjúkraskráa og laganna.

### **Athugasemdir við III. kafla:**

Í kafla III er rætt um varðveislu sjúkraskráa. Þar vantar að fram komi á skýran hátt hver sé eigandi sjúkraskýrslna. Í skilgreiningum í I. kafla eru tilgreindir ábyrgðaraðilar og umsjónaraðilar en hvergi kemur skýrt fram hver sé eigandi sjúkraskráa. Ágreiningur hefur átt sér stað varðandi eigendarétt sjúkraskráa. Í tilvikum þar sem t.d. mjög viðkvæmar meðferðarupplýsingar eru haldnar utan við rafræna skráningakerfið þar getur komið til ágreinings um eignarhald. Jafnvel ágreiningur um hvað sé skilgreining á meðferðarskráningu eða skráningu minnisatriða. Meðferðaraðilar hafa jafnvel tekið með sér viðkvæmar upplýsingar við starfslok á þeim forsendum að um minnisatriði sé að ræða en ekki meðferðarupplýsingar sem tilheyri sjúkraskánni. Eigendaréttur þarf því að vera skýr.

### **Athugasemdir við 7. grein.**

Það er ekki tæknilega mögulegt að stýra aðgengi að sjúkraskrá einstakra sjúklinga þannig að útvaldir heilbrigðisstarfsmenn hafi einir aðgang s.s. sá einn sem skráir upplýsingarnar sbr. fyrstu setningu í fyrstu málsgrein. Réttur sjúklinga til þessháttar aðgangsstýringu getur takmarkað möguleika t.d. lækna á nýtingu stoðstétta svo sem læknaritara.

### **Athugasemdir við 11. grein.**

Tímaviðmið eru óskýr. Í stað þess að segja innan 30 ár frá andláti þá væri eðlilegra að gefa upp lokaviðmið varðandi tímalengd vörslu, t.d. eftir 25 ár frá andláti. Eða 25-30 ár frá andláti. Ellegar er hægt að túlka greinina þannig að vörslutími sé fram að andláti. Ef það er meiningin þá er betra að segja það skýrt.


### **Athugasemdir við 13. grein.**

Nauðsynlegt er að aðgangsstýringin sé tæknilega möguleg eins og kveðið er á um hana í lögnum. Í dag er ekki hægt að framkvæma þá aðgangsstýringu sem greinin boðar, sbr. að sjúklingur geti valið að tilteknir starfsmenn fái ekki aðgang að sjúkraskrá hans.

### **Athugasemdir við 20. og 22. grein.**

Ákvæði um aðgangsstýringu eru metnaðarfullar en tækilegir möguleikar til að geta uppfyllt þessar greinar eru mjög ófullkomnir.

Akureyri, 10/7 2008.

  
Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri.